

1. Sérækar leiðbeiningar fyrir ofbeldisatvik/Hryðjuverk

Ofbeldisatvik/Hryðjuverkaárás er skilgreind hér sem hver sú árás sem beint er gegn nemendum og/eða starfsmönnum skólans af vopnuðum einstaklingum.

Leiðbeiningarnar eiga við áður en lögregla eða aðrir viðbragðsaðilar koma á staðinn. Eftir að lögregla kemur skal hlýða fyrirmælum hennar.

2.1 Almennar leiðbeiningar:

1. Flýðu

- Þegar þið komið inn í rými, athugið hvar neyðarútgangar eru.
- Forðist árársstað, finnið öruggt skjól fjarri honum
- Ekki kasta neinu frá þér eða fara til baka til að sækja eitthvað sem gæti vakið athygli á þér, fyrr en heimild er fengin frá þeim sem stjórna á vettvangi
- Gætið þess að fara ekki í sjónlínu árársarmanns eða manna
- Ef enginn starfsmaður er nærri verða nemendur sjálfir að ákveða hvar sé öruggast að fela sig eða hvaða flóttaleið er öruggust
- Hjálpið öðrum eftir því sem mögulegt er að komast í öruggt skjól
- Varið aðra við sem hyggjast fara inn á hættusvæðið ef það er mögulegt

2. Feldu þig

- Þessar leiðbeiningar eiga einungis við ef ekki er hægt að komast í burtu frá hættu
- Lokaðu þig inni eins fjarri árársarmanni og mögulegt er, læstu hurð og settu eitthvað þungt fyrir dyrnar
- Ef enginn starfsmaður er til staðar verða nemendur sjálfir að ákveða hvar sé öruggast að fela sig
- Slökktu á tölvum og ljósum og gættu þess að hátalarar séu ekki í gangi
- Haltu þig fjarri gluggum og leggstu í gólfið
- Ef þú kemst ekki í lokað rými, feldu þig bak við eins sterkan flöt og mögulegt er, til dæmis steinvegg
- Slökktu á hringingu og titringi í farsímanum og gættu þess að ljós sjáist ekki frá honum
- Reyndu að róa og hughreysta sammemendur
- Hafðu hljótt og láttu lítið fyrir þér fara

3. Láttu vita

- Hringið í 112 þegar þið eruð komin í öruggt skjól
- Hlýðið öllum fyrirmælum lögreglu og yfirvalda
- Ekki hlaupa að lögreglumönnum þegar þeir koma eða sýna þeim ógnvekjandi tilburði

- Haldið höndum uppi og lófa opnum þegar þið gangið að lögreglu
- Veitið lögreglu og starfsfólki skólans allar upplýsingar
- Aðstoðið starfsfólk og lögreglu við að fá yfirsýn yfir hvar aðrir eru niður komnir

Upplýsið næsta starfsmann skólans ef um er að ræða árás eða ofbeldishegðun

Ekki miðla sögusögnum, óstaðfestum fregnum eða myndafni á samfélagsmiðum eða annars staðar á internetinu.